



**Frétt frá Fjarðabyggð**  
**21. október 2016**

## Fyrstu umhverfisviðurkenningar Fjarðabyggðar afhentar

Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri, afhenti í dag, í Tónlistarmiðstöð Austurlands Eskifirði, umhverfisviðurkenningar Fjarðabyggðar fyrir árið 2016.

Þetta er í fyrsta sinn sem sveitarfélagið veitir viðurkenningar fyrir snyrtimennsku og fegrun umhverfisins. Viðurkenning er veitt í þremur flokkum eða fyrir snyrtilegustu lóð við íbúðarhús, snyrtilegasta umhverfi íbúðarhúss í dreifðri byggð og snyrtilegustu fyrirtækjalóð. Stefnt er að því, að umhverfisviðurkenningar Fjarðabyggðar verði framvegis veittar daginn fyrir fyrsta vetrardag á ári hverju.

Viðurkenningu fyrir snyrtilegustu lóð við íbúðarhús hlutu Kristbjörg Kristinsdóttir og Hörður Þórhallsson, Heiðarvegi 25, Reyðarfirði. Í umsögn dómnefndar segir að lóðin sé falleg ásýndar og mikils fjölbreytileika gæti í plöntuvali. Innkeyrsla og gangstétt framan við húsið sé vel hirt og umhverfi allt snyrtilegt.

Viðurkenningu fyrir snyrtilegasta umhverfi íbúðarhúss í dreifðri byggð hljóta Dalir I og II. Viðurkenningin er veitt vegna sérlega snyrtilegs umhverfis bæjanna sem standa þétt saman fyrir miðjum Daladal í Fáskrúðsfirði. Ábúendur Dala eru Ármann Elísson og Jóna Ingunn Óskarsdóttir. Í umsögn dómnefndar segir að einfaldleiki og snyrtimennska sé í fyrirrúmi hjá ábúendum. Íbúðarhúsi og útihúsum sé öllum vel við haldið og bærinn standi fyrir dæmigerða ímynd íslenskra sveitabæja. Einnig sé girðingum vel við haldið og umhverfi staðarins til fyrirmyndar.

Verðlaun fyrir snyrtilegustu fyrirtækjalóð hlýtur Síldarvinnslan í Neskaupstað, SVN. Viðurkenningin er veitt fyrir sérlega snyrtilegt umhverfi. Ásýnd húss og vinnusvæðis er stúlhreint og öll umgengni til fyrirmyndar. Segir í umsögn dómnefndar að blómaker séu skemmtilega í stíl við húsnæði fyrirtækisins og mikið lagt í að viðhalda svæðinu snyrtilegu, blómabeðum og grasfleti. Fyrirtækið leggi sjáanlegan metnað í blómlega og fallega ásýnd á starfssvæði sínu.

Dómnefnd skipuðu Freyr Ævarsson, umhverfisfulltrúi Fljótsdalshéraðs, Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson, starfsmaður áhaldahúss á Fljótsdalshéraði og Anna Heiða Gunnarsdóttir, garðyrkjufraeðingur og eigandi Blómahornsins á Reyðarfirði.

Auglýst var eftir tilnefningum í ágúst og september og var öllum með lögheimili í Fjarðabyggð heimilt að senda inn tilnefningar.

Nánari upplýsingar veitir Anna Berg Samúelsdóttir, umhverfisstjóri Fjarðabyggðar, í síma 470 9065 eða á [anna.b.samuelsdottir@fjardabyggd.is](mailto:anna.b.samuelsdottir@fjardabyggd.is).